

Fimmtudaginn 21. október 1982.

Nr. 193/1982. Íscargo h/f  
 gegn  
 Vængjum h/f.

Kærumál. Úrskurður um synjun á framlagningu skjala felldur úr gildi.

### Dómur Hæstaréttar.

Kærumál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Hinn kærða úrskurð kvað upp Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari.

Sóknaraðili hefur með visun til f liðar 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 1. september 1982, sem barst Hæstarétti 1. október sl. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og sér verði heimilað að leggja fram í málinu eftirgreind skjöl:

- „a) 20 skjöl: bréfasamskipta samgönguráðuneytisins og fundir flugráðs vegna flugrekstrarleyfis Vængja.
- b) 4 skjöl ásamt fylgiskjölum úr bréfasafni Jóns E. Ragnarssonar hrl.
- c) 1 skjal: vottorð Friðjóns Sæmundssonar“.

Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili gerir þá kröfu aðallega, að kærumálinu verði vísað frá Hæstarétti. Til vara krefst hann, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Í báðum tilvikum krefst hann þess, að sóknaraðili greiði kærumálskostnað in solidum með lögmanni sínum eftir mati Hæstaréttar, en til vara, að sóknaraðili greiði kærumálskostnað einn. Verði fallið frá kærumáli þessu, krefst hann allt að einu, að héraðsdómaranum verði boðið að ákvarða strax kærumálskostnað í kærumálinu. Þá krefst hann enn, að sóknaraðili setji tryggingu fyrir tjóni og óhagræði, er af kærumálinu kann að hljótast, 20.000.00 krónur eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins.

Sérstakar athugasemdir héraðsdómara samkvæmt 27. gr. laga nr. 75/1973 hafa ekki borist. Hinum kærða úrskurði fylgja ekki forsendur, sbr. 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 40. gr. laga nr. 28/1981.

Dómsmál það, sem hér er um að tefla, höfðaði varnaraðili með stefnu, birtri 24. mars 1981, á hendur sóknaraðilja til greiðslu á andvirði hlutabréfa í varnaraðilja, samtals 27.000.000 gamalla króna auk vaxta. Eigendur hlutabréfanna eru sagðir 8 nafngreindir hluthafar varnaraðilja. Kaupverðið skyldi vera fullgreitt við árslok 1979 og renna til greiðslu skuldar Ferðamiðstöðvarinnar h/f við varnaraðilja.

Málið var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 26. mars 1981. Lagði varnaraðili þá fram greinargerð sína samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 31. gr. laga nr. 28/1981, svo og helstu sóknargögn. Fékk sóknaraðili frest til 9. apríl til að rita greinargerð og síðan aftur til 30. apríl. Aðiljar fengu þá sameiginlegan frest til gagnaöflunar. Málinu er síðan frestað sex sinnum og í sjötta skiptið til 26. mars sl. Þá er því frestað til aðalflutnings hinn 1. júní. Í þinghaldi þann dag krafðist umboðsmaður varnaraðilja, að aðalmeðferð málsins færi þá fram eins og ákveðið hefði verið. Umboðsmaður sóknaraðilja krafðist, að munnleg sönnunarfærsla færi fram þann dag, en munnlegur málflutningur síðar. Héraðsdómari tók ágreininginn til úrskurðar og frestaði málinu til munnlegrar sönnunarfærslu og munnlegs flutnings til 1. september. Í þinghaldi þann dag krafðist sóknaraðili, að honum yrði heimilað að leggja fram samtals 25 dóm skjöl, en varnaraðili mótmælti framlagningu á þeim. Héraðsdómari kvað upp hinn kærða úrskurð í þinghaldinu, og er hann svohljóðandi:

„Kröfu stefnda um framlagningu 25 skjala er hrundið. Málskostnaðarákvörðun biður dóms í málinu“.

Fyrir Hæstarétti styður sóknaraðili kröfur sínar um framlagningu skjala þeirra, er greinir í staflið a), þeim rökum, að þau lúti að viðskiptum við samgönguráðuneytið og fundum flugráðs vegna ákvörðunar um flugrekstrarleyfi Vængja h/f á árinu 1979. Hann kveðst byggja dómkröfur sínar á

riftun kaupsamnings um hlutabréfin á brostnum forsendum, enda hafi atvinnureksturinn ekki verið haldinn þeim kostum, sem lofað hafi verið. Skjöl þessi, sem honum hafi nýlega tekist að fá frá ráðuneytinu, uppplýsi m. a., sem honum hafði áður eigi verið ljóst, að Vængir h/f hafi eigi haft neitt formlegt flugrekstrarleyfi, þegar kaupin um hlutabréfin voru gerð. Hann telur skjöl þau, er hér greinir, ekki hafa legið á lausu fyrr en nýlega, og eftir að vitneskja hafi borist um mikilvægi þeirra, hafi strax verið ákveðið að leggja þau fram í málinu. Skjöl, talin undir staflið b), kveður hann lögmann varnaraðilja hafa sagst munu leggja fram í málinu og hafi hann látið sér í té ljósrit af þeim. Eitt skjalanna sé bréf frá skilanefnd varnaraðilja til skuldheimtumanna hans, og kveðst hann hafa byggt reikningsgerð sína í málinu á því. Skjal undir staflið c) kveður hann vera vottorð, er gangi í berhögg við vottorð sama aðilja á dskj. 25 í málinu. Ljóst sé, að varnaraðilja beri að leiða vottorðsgjafann fyrir dóm vegna þeirrar mótbáru, að varnaraðili sé ekki réttilega að kröfunni kominn, með því að fullnægjandi umboði frá eigendum hlutabréfanna sé ekki til að dreifa. Hann telur gögn þessi öll nauðsynleg til sönnunarfærslu í málinu og ákvæði einkamálalaga eigi svo fortakslaus, að honum sé óheimilt að leggja þau fram við upphaf aðalflutnings fyrir dómi. Öll skjölin verði til umfjöllunar við aðalflutning málsins og lögmaður varnaraðilja hafi því nægan tíma til að kynna sér þau. Með gagnályktun frá 3. mgr. 110. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, sbr. 3. mgr. 111. gr. laganna um fresti, sé ráð fyrir því gert, að öflun sýnilegra sönnunargagna geti staðið yfir allt fram til þess, er sókn og vörn fara fram.

Af hálfu varnaraðilja er því haldið fram, að kæruehimild sé hvorki fyrir hendi samkvæmt 21. gr., 1. mgr., laga nr. 75/1973 né heldur í lokaákvæði sömu greinar. Einnig vísar hann til 2. mgr. 111. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 34. gr. laga nr. 28/1981. Um skjöl þau, er greini undir staflið a), kveður varnaraðili, að sóknaraðilja hafi verið þau tiltæk í rúmlega tvö ár í samgönguráðuneytinu. Af sinni hálfu hafi þetta ver-

ið málsástæða um forsendur varðandi greiðslu og skuldastöðu, en ekki flugrekstrarleyfi. Bæði sé, að málsástæða um flugrekstrarleyfi hafi í fyrstu ekki verið í þessu máli og síðan of seint fram komin. Ekki sé hægt við aðra tilraun aðalmeðferðar að koma með slíkan skjalabunka.

Engin afrit hafi verið send áður né framlagning skjalanna boðuð fyrirfram. Hann kveður frásögn sóknaraðilja ranga og villandi um það, að hann hafi ekki getað fengið þessi skjöl fyrir ritun greinargerðar í málinu eða síðar. Aðalmeðferð málsins hafi verið ákveðin tvisvar með samþykki sóknaraðilja og í bæði skiptin með ærnum fyrirvara. Um skjöl, talin undir staflið b), segir varnaraðili, að þar fari sóknaraðili með rangt mál. Hann kveðst aldrei hafa afhent honum ljósrit skjalanna vegna þessa máls eða sagst munu leggja þau fram í því. Þau séu úr bæjarþingsmálinu nr. 1575/1982 milli sömu aðilja. Í því máli sé sett fram málsástæðan um flugrekstrarleyfið. Um vottorð undir staflið c) segir varnaraðili, að það sé dagsett 18. júní 1980. Þess hafi verið aflað fyrir atbeina sóknaraðilja á sínum tíma og hann hafi jafnan haft það undir höndum síðan. Varnaraðili ítrekar, að mergurinn málsins sé þó framkoma lögmanns sóknaraðilja nú í tvö skipti við aðalmeðferð málsins. Með löngum fyrirvara hafi héraðsdómariinn tekið frá tvo daga og aðaldómsal embættisins og sjálfur hafi hann sem lögmaður varnaraðilja tekið frá tvo daga og tvisvar boðað til þinghaldanna mörg vitni og fyrirvarsmenn varnaraðilja. Hafi allt þetta bakað sér og mörgum öðrum verulega vinnu, ómak og kostnað.

Kröfu sína um tryggingu vegna tjóns og óhagræðis rökstyður varnaraðili með því, að hinar vafasömu og ólögmatu tafir á málinu hafi þegar valdið sér miklum réttarspjöllum, en bú sitt kveður hann nú vera til meðferðar hjá skilanefnd og einu eignir þess séu kröfur á hendur sóknaraðilja. Sé með þessum drætti stofnað til mikillar hættu á gjaldproti. Til stuðnings kröfu þessari vísar hann til 26. gr. laga nr. 75/1973.

Kröfuna um kærumálskostnað kveðst hann byggja á 182. gr., sbr. 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936.

Fyrir Hæstarétt hefur varnaraðili lagt svohljóðandi bréf frá samgönguráðuneytinu, dags. 7. sept. sl.

„Með vísun til bréfs yðar, hr. hæstaréttarlögmaður, dags. í dag, um aðgang að opinberum gögnum í vörslu ráðuneytisins og varða flugleyfi flugfélagsins Vængja h.f. staðfestist hér með, að forstöðu- og umboðsmenn Vængja h.f. og Íscargo h.f. hafa jafnan getað fengið í ráðuneytinu þau gögn, er hér að ofan greinir, þ. m. t. skjöl, sem lögmaður Íscargo h.f. fékk nýverið afhent í myndriti“.

Frumrit eða staðfest endurrit þeirra skjala, er kærumálið er risið af, hafa eigi verið lögð fyrir Hæstarétt með kærugögnum.

Kæruheimild er að finna í f lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973. Er því krafa varnaraðilja um frávísun ekki tekin til greina. Svo sem áður er lýst, byggir sóknaraðili m. a. á því, að hlutabréf þau í varnaraðilja, er hinn umdeildi samningur frá 28. ágúst 1979 er um, hafi ekki verið þeim kostum búin sem lofað hafi verið. Í málflutningi hans í héraðsdómi er m. a. byggt á því, að ekki hafi við samningsgerðina verið upplýst af hálfu forsvarsmanna varnaraðilja, að öll flugrekstrarleyfi hans hefðu verið afturkölluð eða þau verið á síðustu undanþágum og út runnin um það leyti er kaupin yrðu virk. Ekki verður tekin afstaða til þess hér, hvort málsástæða þessi eigi að komast að við úrlausn málsins fyrir héraðsdómi, en varhugavert þykir að synja sóknaraðilja um rétt til að rökstyðja hana frekar. Þykir því mega, eins og á stendur, heimila honum framlagningu þeirra skjala, er getur í kröfugerð hans undir staflið a) að framan. Einnig þykir mega heimila sóknaraðilja framlagningu skjalanna, er stafliðir b) og c) taka til. Krafa varnaraðilja um tryggingu fyrir tjóni og óhagræði fyrir umbjóðanda hans af kærumálinu verður ekki höfð uppi í máli þessu í Hæstarétti, enda felur 26. gr. laga nr. 75/1973 ekki í sér slíka heimild. Héraðsdómari hefur með úrskurði, uppkveðnum 16. september sl., synjað slíkrar tryggingar, og tekur umboðsmaður varnaraðilja réttilega fram í greinargerð sinni í málinu, að þvílíkur úrskurður sæti eigi kæru.

Á það má fallast með varnaraðilja, að sóknaraðili hafi verið úr hófi svifaseinn að afla og leggja fram skjöl þau, er kærumálið snýst um, samanber vottorð samgönguráðuneytis. Verður að víta þenna drátt umboðsmannsins.

Málskostnaðarákvörðun bíður endanlegs dóms í aðalmálinu.

#### D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er sóknaraðilja heimilt að leggja fram í málinu skjöl þau, er í hinum kærða úrskurði greinir.

---

Mánudaginn 25. október 1982.

Nr. 6/1982.

#### Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)  
gegn

#### Eggert Bjarna Arnórssyni

(Páll A. Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.  
Sératkvæði.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 2. desember 1981. Er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip barst Hæstarétti 25. júní 1982.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er ákærða varðar, þó svo, að refsing verði þyngd.

Verjandi krefst þess aðallega, að öll meðferð málsins frá og með 17. október 1978 verði ómerkt og málinu verði vísað heim í hérað til lögmætrar meðferðar. Til vara krefst verjandi sýknu af ákæru samkvæmt 3. og 5. tölulið I. kafla